

1. Almenn:

Háafell ehf. (kt. 5201993149), Nauteyri, 510 Hólmavík, er með 200 tonna rekstrarleyfi (FE-1091/IS-36017) fyrir seiðaeldi á laxi og regnbogasilungi að Nauteyri í Strandabyggð sem er innst Ísafjarðardjúpi. Fyrirtækið sótti um stækkun leyfisins í 800 tonn, dags. 24. október 2018.

Seiðastöðin er staðsett á landi með frárennsli í sjó. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Seiðaeldisstöðin er staðsett á landi og er gert ráð fyrir að allt frárennsli fari í sjó neðan stórstreymisfjöru. Í öllum kerum verða ristar til að hindra að fiskur geti komist úr þeim og allt frárennsli frá stöðinni fer annað hvort í gegnum tromlu eða fiskfangara. Í gæðahandbók fyrirtækisins er fjallað um reglulega hreinsun og eftirlit með frárennsli stöðvarinnar. Litlar líkur eru taldar á slysasleppingu úr stöðinni þegar tillit er tekið til búnaðar í kerum og í frárennsli stöðvarinnar.

Matvælastofnun staðfestir að móttékin eru öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir skv. 8. gr. laga 71/2008 um fiskeldi og 12. gr. reglugerðar 1170/2015 um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 6. september til 4. október 2019 og engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér tilkynnta framkvæmd og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu, og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Framkvæmd Háafells ehf. var tilkynnt til Skipulagsstofnunar þann 27. október 2015. Matvælastofnun skilaði umsögn vegna mögulegrar matskyldu til Skipulagsstofnunar þann 5. nóvember 2015. Í umsögninni kom fram að stofnunin taldi ekki þörf á að framkvæmdin færi í umhverfismat þar sem hún er ekki líkleg til þess að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, þ.e. að hafa verulega óafturkræf umhverfisáhrif eða valda verulegum spjöllum á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum. Varðandi afstöðu Matvælastofnunar vegna umhverfisáhrifa horfir stofnunin sérstaklega til þátta er snúa að sjúkdómum og slysasleppingum. Skipulagsstofnun gaf út ákvörðun þann 21. desember 2015 þess eðlis að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Matvælastofnun staðfestir að framkvæmd Háafells ehf. að Nauteyri á Langadalsströnd í innanverðu Ísafjarðardjúpi er í samræmi við tilkynnta framkvæmd.

3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna leyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og Strandabyggðar þann 25. mars 2019 vegna aukningar á framleiðslu Háafells ehf. að Nauteyri í Strandabyggð. Gögn sem fylgdu umsagnarbeiðnum voru tilkynning rekstraraðila til Skipulagsstofnunar og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu.

Í umsögn Fiskistofu, sem barst 13. maí 2019, kom fram að huga verði að því að búnaður við affall stöðvarinnar lágmarki líkurnar á því að eldisfiskur geti sloppið úr stöðinni og bent var á að stöðin sé ekki fjarri Langadalsá og Hvannadalsá. Í umsögn Hafrannsóknastofnunar, sem barst 15. apríl 2019, kemur fram að gera mætti grein fyrir því magni/styrkleika þeirra hjálparefna (t.d. formalíns) sem koma til með að vera leidd í frárennsli til sjávar vegna seiðaeldisstöðvarinnar, einnig benda þeir á að til eru efni sem má nota til þess að hlutleysa þau efni áður en það er losað út í umhverfið. Hafrannsóknastofnun ítrekar mikilvægi eftirlits og viðeigandi búnaðar við flutning seiða milli eldisstöðvarinnar og brunnbáta til að koma í veg fyrir slysasleppingu. Í umsögn sveitastjórnar Strandabyggðar, sem barst 17. apríl 2019, var ekki gerð athugasemd við umrædd áform Háafells.

Gerð er krafa um að fiskeldisstöðvar á landi sé útbúnar búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Fiskheldni stöðvar Háafells að Nauteyri er góð skv. þeim upplýsingum sem liggja fyrir og fram kemur hér að ofan. Allt affall frá kerjum rennur í gegnum ristar til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi úr kari og síðan fer frárennslið annað hvort í gegnum tromlusíu eða fiskfangara og þ.a.l. eru litlar líkur á slysasleppingu frá stöðinni. Varðandi afhendingu seiða úr stöðinni í brunnbát þá er verklag varðandi afhendingu skráð í gæðahandbók fyrirtækisins ásamt viðbragðsáætlun um slysasleppingu. Matvælastofnun bendir á varðandi magn/styrk hjálparefna að eftirlit með því skuli vera tekið fram í vöktunaráætlun fyrirtækisins og tilheyrir það verksviði Umhverfisstofnunar.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma vegna rekstrarleyfistillögunnar og viðbrögð Matvælastofnunar

Matvælastofnun bárust engar athugasemdir við tillögu að rekstrarleyfi á auglýsingartíma.

5. Breytingar frá auglýstri tillögu

Matvælastofnun hefur gert breytingar á áður auglýstri tillögu er snúa að gildistíma rekstrarleyfisins og skilgreiningu á umfangi starfseminnar. Breytingar voru gerðar á lögum 71/2008 um fiskeldi sem tóku gildi í júlí sl. sem leiddu til þess að gildistími rekstrarleyfa var breytt úr 10 árum í 16 ár. Breyting laganna fól einnig í sér að í rekstrarleyfi skuli vera ákvæði um stærð fiskeldisstöðvar mælt í leyfilegum lífmassa en áður voru skilyrði um að í rekstrarleyfi þyrfti að vera ákvæði um leyfilegt framleiðslumagn og hámarkslífmassa stöðvar.

6. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Háafells ehf. til að seiðaframleiðslu á 800 tonn af laxa- og regnbogasilungsseiðum að Nauteyri á Langadalsströnd í innanverðu Ísafjarðadjúpi.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga 71/2008 um fiskeldi og reglugerðar 1170/2015 um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Samhliða útgáfu rekstrarleyfis afhendir Matvælastofnun útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 22. nóvember 2035.

Þegar rekstrarleyfið tekur gildi (FE-1146) kemur það í stað rekstrarleyfis Háafells ehf. til 200 tonna seiðaeidis á lax- og regnbogasilungsseiðum (FE-1091/IS-36017).

Selfossi, 22. nóvember 2019